

## **Kröfur um hæfi utanaðkomandi stundakennara sem ráðnir eru til kennslu í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands**

**Samþykktar á deildarfundi Lagadeildar 29. maí 2012**

Stundakennarar eru lausráðnir starfsmenn sem almennt fá greitt tímavinnukaup fyrir vinnu sína samkvæmt nánari reglum Félagsvísindasviðs og Háskóla Íslands. Stundakennarar eru almennt ráðnir til starfa í upphafi hvers kennslumisseris til að kenna stök námskeið og/eða hluta af þeim.

Kröfur þessar gilda um utanaðkomandi stundakennara sem ráðnir eru til kennslu í lögfræði. Kröfurnar eiga því ekki við um starfsmenn eða nemendur Háskóla Íslands. Kröfurnar eiga heldur ekki við um þá sem ráðnir eru til að kenna aðrar greinar en lögfræði. Kröfurnar eiga heldur ekki við þegar gestir annast kennslu í fjórar kennslustundir eða skemur í því skyni að kynna starfsemi, þjónustu eða rannsóknir sínar eftir því sem við á. Á það við þrátt fyrir að gestur fái greitt fyrir kennsluna.

Umsjónarkennari ákveður hverjir annast kennslu og próf í námsgrein sem hann ber ábyrgð á. Ef sami stundakennari á að annast meiri kennslu í námsgrein en sem nemur fjórum kennslustundum skal fá samþykki deildarforseta fyrir ráðningunni.

Stundakennari sem annast stundakennslu í lögfræði við lagadeild skal a.m.k. hafa lokið BA og MA prófi í lögfræði (300 ECTS) og hafa lokið meistaraprófi í lögum með fyrstu einkunn. Frá skilyrði um lágmarkseinkunn í meistaránámi má víkja, með leyfi deildarforseta, búi viðkomandi stundakennari yfir mikilli reynslu eða ef hann hefur stundað rannsóknir sem nýtast sérlega vel við kennslu á því námskeiði sem um ræðir. Stundakennari skal að jafnaði sitja námskeið í kennsluháttum.

Stundakennari skal að jafnaði hafa lokið meistaránámi í lögfræði þremur árum áður en hann tekur að sér stundakennslu. Deildarforseti getur leyft frávik frá þessum tímamörkum. Skal þá m.a. tekið tillit til umfangs kennslunnar.

Forseti skal tilkynna undanþágur frá kröfum þessum á næsta deildarfundi.